

Gaulverjaskóli er nýtt úrræði fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarvanda



Aðstandendur Gaulverjaskóla við skólann. Frá vinstri: Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri SASS, Guðni Ólgeirsson og Áslaug Hulda Jónsdóttir menntamálaráðuneyti, Kristín Hreinsdóttir forstöðumaður Skólaskrifstofu Suðurlands, Kári Stefánsson og Ingibjörg Pálmadóttir frá Velferðarsjóði íslenskra barna, Guðmundur Ingi Leifsson skólastjóri Gaulverjaskóla, Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri Flóahrepps og Aðalsteinn Sveinsson oddviti.

Gaulverjaskóli í Flóahreppi er nýtt úrræði fyrir börn á grunnskólaaldri fyrir börn með tilfinninga- og hegðunarvanda. Sveitarfélög á Suðurlandi, menntamálaráðuneyti, f.h. ríkisins og Velferðarsjóður íslenskra barna standa að verkefninu. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og Skólaskrifstofa Suðurlands hafa heimild menntamálaráðuneytis til að reka Gaulverjaskóla sem tilraunaverkefni til þriggja ára og mun ráðuneytið leggja mat á tilraunina að tímabilinu loknu. Gaulverjaskóli er hugsað sem tímabundið skólaúrræði fyrir þau börn á Suðurlandi sem ekki hefur gagnast skólavist í heimaskóla, vegna hegðunarerfiðleika og erfiðleika á tilfinningasviðinu og geðraskana. Gaulverjaskóli mun enn fremur sinna ráðgjafar- og fræðsluhlutverki fyrir aðra grunnskóla á suðurlandi í þjálfunar- og meðferðarskyni.

Samkvæmt samningi um rekstur Gaulverjaskóla sem undirritaður var 18. jan. sl. í Gaulverjaskóla, greiða aðildarsveitarfélög kostnað sem fylgir námi barnanna. Menntamálaráðuneyti og Velferðarsjóður íslenskra barna greiða meðferðarþáttinn. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar var ákveðið að menntamálaráðuneyti sæi um framlag ríkisins til starfsemi Gaulverjaskóla.



Endurnýjun þjónustusamnings um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum

Menntamálaráðherra og landsbókavörður undirrituðu 28. desember sl. nýjan þjónustusamning um landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum, en samkvæmt honum mun Landsbókasafn – Háskólabókasafn áfram annast samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, og hafa umsjón með allri framkvæmd þeirra.

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum byrjaði 23. apríl 1999 þegar formlega var opnað fyrir landsaðgang að *Encyclopaedia Britannica*. Þá hafði verið hafið starf sem miðaði að því að meta þörf landsmanna fyrir slík rafræn gögn og semja um aðgang að þeim. Í desember 2002 gerðu menntamálaráðuneyti og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn síðan með sér þjónustusamning um að safnið hefði umsjón með landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Landsaðgangurinn er greiddur

að hluta til með beinum framlögum á fjárlögum og einnig af bókasöfnunum í landinu, stofnunum og fyrirtækjum. Með hliðsjón af þeirri góðu reynslu sem fengist hefur af þessu starfi var ákveðið að endurnýja þennan þjónustusamning með nokkrum breytingum, sem einkum er ætlað að auðvelda starfseminu. Meðal nýrra atriða sem er að finna í endurnýjuðum þjónustusamningi eru m.a. ákvæði um gerð ársskýrslu, ársfund fulltrúa verkkaupa, helstu greiðenda og hagsmunaaðila landsaðgangs og skipun stjórnarnefndar, sem skal vera safninu til ráðgjafar.

Markmið samninga um landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum var að auka slíkt aðgengi fyrir alla landsmenn og þar með að jafna tækifæri fólks um allt land til að notfæra sér slík rafræn gögn af öllu tagi, en í gegnum þetta verkefni hafa allir landsmenn aðgang að alls 12 innlendum og alþjóðlegum gagnasöfnum og yfir 10.000 tímaritum. Þessir samningar hafa skilað miklum ávinningi sem verður sífellt meiri eftir því sem slíkur aðgangur vinnur sér sess meðal þjóðarinnar. Er það von samningsaðila að með þessum samningi sé mörkuð stefna til framtíðar varðandi landsaðgang að rafrænum tímaritum og gagnasöfnum, og að þessi starfsemi eigi eftir að eflast og dafna og að landsmenn eigi í auknum mæli eftir að notfæra sér þau einstöku tækifæri, sem þessi aðgangur felur í sér.

Úthlutað úr tónlistarsjóði til 53 verkefna

Menntamálaráðherra hefur að tillögu tónlistarráðs úthlutað styrkjum úr tónlistarsjóði fyrir fyrri helming þessa árs. Tónlistarsjóði bærust 82 umsóknir í fimmta sinn sem auglýst var eftir umsóknum. Heildarfjárhæð umsókna

nam 82.319.500 kr. Veittir voru styrkir til 53 verkefna að heildarupphæð 21.480.000

Stærstu styrkina fengu Samtónn fyrir hönd Music Export Iceland, 5 millj. kr., Myrkir músikdagar, 2 millj. kr., Kirkjulistahátíð 1 millj. kr., Von Andi ehf 1 millj. kr. og tónlistarhátíðin „Við djúpið 2007“ 800 þús kr. Síðar á árinu verður auglýst aftur eftir umsóknum í tónlistarsjóð.

21% leikskóla hefur ekki framfylgt aðalnámskrá leikskóla

21% leikskóla hefur ekki opinbera uppeldisstefnu, 21% hefur ekki mótað eigin skólanámskrá og um 7% leikskóla hafa hvorki opinbera uppeldisstefnu né eigin skólanámskrá. Í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 kemur fram, að sérhver leikskóli eigi að gera skólanámskrá á grundvelli aðalnámskrár leikskóla og skal skólanámskráin vera í samræmi við opinbera uppeldisstefnu leikskólans. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem menntamálaráðuneytið hefur látið gera.

Á síðasta ári gerði menntamálaráðuneyti könnun á afstöðu leikskólastjóra til aðalnámskrár leikskóla, skólanámskrár, mats á leikskólástigi, starfsmannahalds í leikskólum og samþils þessara þátta. Rafrænn spurningalisti var sendur til allra leikskóla í maí 2006 og var svarhlutfall 76%.

Í ljósi þess að könnunin gefur vísbendingar um að ofangreindum ákvæðum aðalnámskrár sé víða ábótavant hefur menntamálaráðuneyti ákveðið að kalla eftir frekari upplýsingum.

